

Aðalfundur foreldrafélags Urriðaholtsskóla

11.10.2019

Frá foreldrafélaginu mættu Vigdís Lea formaður og Íris ritari. Frá skólanum mætti Una aðstoðarskólalastjóri. 30 foreldrar mættu.

Vigdís Lea og Íris fóru yfir starf foreldrafélagsins síðasta skólaár og fóru einnig yfir ársreikning foreldrafélagsins.

Óskað var eftir þremur til fjórum meðstjórnendum í foreldrafélagið. Tveir foreldrar buðu sig fram á fundinum og eitt foreldri hafði haft samband við meðlimi foreldrafélagsins fyrir fundinn og boðið sig fram. Nýjir meðstjórnendur eru:

- Kristín María Grímsdóttir
- Kristrún Jóhannsdóttir
- Hulda Jónsdóttir

Óskað var eftir hugmyndum foreldra um viðburði yfir veturinn.

Fræðsluerindi. Foreldrar komu fram með eftirfarandi hugmyndir:

- Að setja börnum mörk -Kristín Mariella
- Netnotkun barna - Eiríkur Örn sálfræðingur
- Hvernig birtast staðalmyndir börnum - Kolbrún kynjafræðingur
- Færni til framtíðar -Sabina Steinunn
- Fræðsla frá Vöndu Sigurðardóttur

Vorhátíðin. Mikil ánægja var með að fá Krakkahesta og verður stefnt á að fá þá aftur á næstu vorhátíð.

Sveitaferðin. Foreldrar ræddu um að Hraðarstaðir hefðu ekki verið nægilega skemmtilegur staður og þótti góð hugmynd að prófa annan stað næst. Bjarteyjarsandur og Slakkir voru nefndir. Rætt um að hafa einhverjar veitingar. Foreldrafélagið ætlar að skoða hvort hægt verði að hafa samlokur og eitthvað bakkelsi.

Almennar hugmyndir. Á fundinum var óskað eftir almennum hugmyndum og komu ýmsar góðar hugmyndir fram sem meðlimir foreldrafélagsins mun fara yfir og athuga hvort hægt sé að setja í framkvæmd. Þær eru eftirfarandi:

- Kanna hvort að hægt sé að fá fræðslu frá lögreglunni um hjálmanotkun og almennar reglur í umferðinni. Slík fræðsla ætti að vera án kostnaðar.
- Jólaföndur í skólanum. Spurning með að hafa föndurpakka sem foreldrar geta greitt fyrir við mætingu eða hafa piparkökur sem hægt er að skreyta. Nefnt var að hægt er að kaupa stór piparkökuhjörtu frá bakaríum og skreyta. Þessi hjörtu er síðan hægt að hengja upp. Æskilegt væri að hafa jólaföndur um miðjan nóvember á laugardegi eða sunnudegi.
- Páskabingó í skólanum. Spurning hvort hægt væri að leigja spjöldin. Sniðugt væri að öll börnin fengju lítið páskaegg.
- Setja inn á foreldrasíðu Urriðaholtsskóla á Facebook þegar einhverjir sniðugir viðburðir eru fyrir börn og foreldra. Sem dæmi er kvöldopnun í Fjölskyldu og

húsdýragarðinum einhverja miðvikudaga í vetur. Skemmtilegir viðburðir í boði.
Síðasta miðvikudag kom Ronja Ræningjadóttir og á næstunni verður Vasaljósaganga.

Afmæli. Ákveðið að setja fundargerð af fundinum í september (þar sem að afmæli voru rædd) inn á foreldrasíðuna á Facebook. Þar geta þá allir leitar eftir upplýsingum, líkt og viðmið um afmælisgjafir. Mikilvægt fyrir foreldra nýrra barna að hafa þessar upplýsingar á áberandi stað. Varðandi afmælisboð er mikilvægt að foreldrar hugi að því að börn verði ekki útundan, sem dæmi með því að bjóða öllum árgangnum eða öllum drengjum/stúlkum í vissum árgangi/göngum. Rætt um að fjöldi barna í árgöngum er misjafn, mikill fjöldi er í vissum en fáir í öðrum. Gott að hafa það í huga þegar boðið er í afmæli þannig að sum börn fái ekki mun færri boð en önnur. Una ætlar að setja inn upplýsingar á foreldrasíðuna um skiptingu barna á grunnskólastiginu, s.s. fjölda í árgangi og hvernig kynjaskiptingin er í hverjum árgangi. Una greindi frá því að það sé hægt að halda afmæli í skólanum. Hún ætlar að senda foreldrafélaginu reglur um umgengi eftir slík boð, sem verða settar inn á Facebook síðuna ef einhverjir foreldrar vilja kósa að nýta sér þennan góða valmöguleika. Rætt um að sniðugt sé að foreldrar taki sig saman um að halda afmæli. Foreldri getur þá komið með fyrirspurn inn á Facebook síðuna hvort að fleiri börn eigi afmæli á svipuðum tíma og þeirra barn og foreldrar þá tekið sig saman um að halda afmæli.